

## AUGLÝSING

### um breytingu á auglýsingu nr. 50/2006 um friðland í Surtsey.

1. gr.

2. másl. 1. gr. orðast svo:

Hið friðlýsta svæði er friðað sem friðland, sbr. 1. tölulið 1. mgr. 53. gr. og 54. gr. laga um náttúruvernd, nr. 44/1999.

2. gr.

Tafla í 3. gr. skal vera svohljóðandi:

*Mörk svæðisins eru sýnd á korti sem fylgir auglýsingu þessari.*

Tafla	ISN93		Gráður	
	Punktur:	X-hnit	Y-hnit	N-læg breidd
1	415256	308135	63°16'08"	20°41'15"
2	415466	316000	63°20'22"	20°41'15"
3	423800	315788	63°20'22"	20°31'16"
4	423611	307923	63°16'08"	20°31'16"

3. gr.

Við 4. gr. bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Ráðgjafanefndin setur leiðbeiningar um góða starfshætti í friðlandinu sem miðast við varkárni í umgengni við viðkvæma náttúru svæðisins.

4. gr.

5. gr. orðast svo:

Óheimilt er að fara í land í Surtsey eða kafa við eyna nema að fengnu leyfi Umhverfisstofnunar. Heimilt er að veita leyfi til ferða út í Surtsey til rannsókna og verkefna sem tengjast þeim, eða til kvikmyndatöku og/eða ljósmyndunar vegna gerðar fræðsluefnis með sérstaka skírskotun til Surtseyjar eða rannsókna þar. Skal leyfi til kvikmyndatöku eða ljósmyndunar bundið því skilyrði að starfsmaður friðlandsins sé með í för, ef ekki reynist unnt að tengja ferðina rannsóknarleiddöngum til Surtseyjar. Heimilar eru ferðir í Surtsey vegna viðhalds á Pálsbæ eða annarra sértækra framkvæmda í friðlandinu að fengnu leyfi Umhverfisstofnunar. Á varptíma skal aðeins veita slík leyfi í sérstökum undantekningartilvikum.

Við ákvörðun um leyfi skal Umhverfisstofnun einkum taka mið af 2. gr. um markmið friðlýsingarinnar og 6. gr. um verndun gróðurs, dýralífs og jarðmyndana.

Gæta skal varkárni vegna gróðurs og dýralífs þegar farið er í eyna og fylgja ber fyrirmælum starfsmanns friðlandsins.

Siglingar í friðlandinu umhverfis Surtsey eru heimilar.

5. gr.

Friðlýsingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfissráðuneytinu, 31. janúar 2011.*

**Svandís Svavarsdóttir.**

*Magnús Jóhannesson.*